



Embætti ríkissáttasemjara
b.t Bryndísar Hlöðversdóttur, ríkissáttasemjara
Borgartúni 21
Höfðaborg, 4. hæð
105 Reykjavík

Reykjavík 28. október 2019

1905041SA
Málalykill: 16.10

Efni: Vísun Sambands íslenskra sveitarfélaga til embættis ríkissáttasemjara á kjaradeilu við Eflingu-stéttarfélag

Viðræður um endurnýjun kjarasamninga milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar og Starfsgreinasambands Íslands hafa staðið frá 15. mars sl. án árangurs.

Þing Starfsgreinasambandsins sendi frá sér ályktun þann 25. október sl. í tilefni af kvennafrídeginum. Þar er m.a. fjallað um stöðu ófaglærðra verkakvenna með eftirfarandi lýsingu á samskiptum samningsaðila:

„Starfsgreinasambandið stendur í harðri kjaradeilu við sveitarfélögin, Reykjavíkurborg og ríki. Þar undir eru fjölmennar kvennastéttir í umönnunarstörfum. Sambandinu blöskrar hvernig komið er fram við þessar konur og hversu takmarkalaus lítilsvirðingin í þeirra garð lýsir sér í viðræðunum.“

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga mótmælir harðlega þeim ósönnu fullyrðingum sem fram koma í ályktuninni um að illa sé komið fram við kvennastéttir í umönnunarstörfum og að þeim sé sýnd takmarkalaus lítilsvirðing í yfirstandandi kjaraviðræðum. Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga lítur svo á að upp sé kominn alger trúnaðarrestur á milli aðila.

Þá telur Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga útilokað að árangur verði af frekari viðræðum milli aðila án aðkomu embættis ríkissáttasemjara, sem fari með verkstjórn viðræðna og sé til vitnis um það sem fram fer á fundum aðila.

Á grundvelli ákvæða 24.gr. laga nr. 80/1938 vísar samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga kjaradeilunni til sáttameðferðar ríkissáttasemjara.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Inga Rún Ólafsdóttir
sviðsstjóri kjarasviðs

Samrit:

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík.